

kona, grætur hástöfum og nýr saman höndunum.

Gustaf Adolf greifi tekur sjálfur barnið á handlegg sér og reynir að láta dálítið af mjólk drjúpa inn um rósfögru varirnar litlu; en brennandi roða slær á kinnar greifans og handleggurinn, sem á barninu heldur, skelfur eins og hrísla.

Kveinstöfum vesalings barnsins léttir smátt og smátt. augun lokast aftur, ein lág en þung stuna og svo sofnar litli unginn á handlegg föður síns.

Nú fer Dynar greifi að líta eftir vagninum, sem var á ferð eftir fóstru handa barninu frá bæ einum, er lá margar mílur frá höllinni.

Varirnar skjálfa, svo er geðshræringin mikil. Hann opnar bók, en lætur hana strax aftur og stynur við.

Í sama bili slær klukkan.

Úti í hallarganginum heyrðust fótatök og Edwald gamli kemur inn.

"Herra greifi—"

Greifinn stekkur upp og ætlar að þjóta fram hjá þjóninum.

"Er það vagninn? Er það hann?" spyr hann.

"Nei, náðugi greifi," og Edwald hristi af sorg gamla gráhærða kollinn og lætur sem hann vilji aftra greifanum að fara lengra. "Það eru bara fáeinar flökkukindur, sem berja hér að dyrum og biðja um húsaskjól í guðs nafni. Það er karlmaður, druslum búinn eins og sígaunari, og kona hans og tvö börn." Síðan lýtur þjónninn gamli að eyra húsbónda síns og hvíslar: "Eftir öllu útliti að dæma eru það pólskir uppreistarmenn, sem hafa flúið yfir landamærin. Það er með þesskonar fólk eins og tjöruna, það er bezt að snerta ekki við henni, til þess að gera ekki óhreina á sér fingurna."

Í sama bili slær haglbyl á rúðurnar.